

Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USKR2021020121
14.6.2021

Bergstaðastræti stöðubann

Lagt er til við skipulags- og samgönguráð að samþykkt verði að óheimilt verði að leggja í Bergstaðastræti frá gatnamótum við Baldursgötu og 30 metra inn götuna, að lóð nr. 43.



Mynd 1 – Svæði á Bergstaðastræti sem lagt er að verði merkt þannig að óheimilt verði að leggja.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð

Á umræddum stað á Bergstaðastræti er beygja, svo ökumenn á leið norður götuna hafa skerta sýn fram á veginn og ef ökutækjum er lagt í kanti beygjunnar, líkt og oft er gert, er sjónlengd undir viðmiðum. Ekki hefur verið gert ráð fyrir að lagt sé á svæðinu. Útskot fyrir bílastæði er norðan svæðisins sem lagt er til að bannað verði að leggja á og hefur bannið ekki áhrif á þau. Samkvæmt umferðarlögum er óheimilt að „stöðva eða leggja í eða við blindhæð eða beygju eða annars staðar þar sem vegsýn er skert“. Til að gefa skýrari skilaboð til vegfarenda er lagt til að merkt verði að bannað sé að leggja þarna. Á hluta kaflans, norðan beygjunnar er akbraut Bergstaðastrætis einungis 6 m og því geta ökutæki ekki mæst ef öðrum ökutækjum er lagt í kanti götunnar. Þar sem stöðvunarsjónvegalengd er takmörkuð á umræddum stað er brýnt að ökutækjum sé ekki lagt þar.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

f.h. skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:

Bjarni Rúnar Ingvarsson
Ráðgjafaverkfræðingur